



Áfangalýsing ML

Titill:	Samtímasaga: Stríð og friður á 21. öld
Námsgrein:	Saga
Viðfangsefni:	Samtímasaga: Stríð og friður á 21. öld
Skammstöfun:	SAGA3TÖ05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Samtímasaga, saga heimsins síðustu fimm áratugina. Átök og ófriður, heimsveldi og smáriki, fátækt og ríkidæmi. Það er umfjöllunarefni þessa áfanga. Áhersla er lögð á samskipti ríkja, ólíka menningu, hagsmunaöfl og viðhorf á bak við átök á milli þjóða, þjóðarbrot og þjóðfélagshópa. Rýnt í hugmyndafræði ráðandi þjóðfélagshópa, átakalínur og ólíkar hugmyndir um þróun samfélaga. Fjallað um þjóðfélagsþróun og efnahagsmál í Ameríku, Asíu og Afríku á tímum alþjóðavæðingar. Skyggst á bak við ástæður átaka og stöðu heims mála.
Forkröfur:	
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: • þekkja inntak og eðli lýðræðis og mannréttinda • efla læsi og skilning á hugtökum sem tengjast alþjóðamálum og þjóðarétti. • Lögð er áhersla á valdeflingu nemenda og getu þeirra til að hafa áhrif í samfélaginu, í átt til aukins jafnréttis.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast í áfanganum • sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu sjálfstæðrar verkefnavinnu • taka ábyrgan þátt í samræðum um samfélagslegar og menningarlegar aðstæður er koma fram í námsefni áfangans
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita gagnrýnni hugsun • átta sig á mikilvægum þáttum að baki átökum í heiminum • nýta sér reglur lýðræðis og mannréttinda til að efla áhrif sín og getu til að gera öðrum gagn á grunni jafnréttis og manngildis.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.